

Starfsreglur deildar leiðsögufólks í VR

1. gr. Heiti og starfssvæði

Heiti deildar er **leiðsögufólk í VR** og er félagssvæði þess allt landið.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur deildarinnar er að:

- Sameina leiðsögufólk á öllu landinu.
- Vinna að kjaramálum þeirra sem starfa við leiðsögn og eru félagsfólk VR.
- Efla fagmennsku, neytendavernd, gæða- og öryggismál í störfum leiðsögufólks.
- Eiga frumkvæði að og stýra faglegri þróun leiðsögustarfsins.
- Standa vörð um faglega menntun leiðsögufólks og styðja við þekkingarþróun með fræðslu, símenntun og ráðstefnum.
- Halda uppi samstarfi við innlend og erlend samtök sem starfa á sviði leiðsögu.

3. gr. Aðild

- Allt fullgilt félagsfólk VR sem starfar eftir kjarasamningi Leiðsagnar á aðild að deildinni.
- Sjálfstætt starfandi leiðsögufólk sem starfar sem leiðsögufólk, greiða iðgjald til VR og ná fullgildingu.

Leiðsögufólk ferðamanna geta verið með tiltekna menntun í leiðsögn, starfað við tiltekna tegund leiðsagnar, verið með sérstök starfsréttindi eða áralanga reynslu af störfum við leiðsögn, auk nýliða innan stéttarinnar. Deildin er samstarfsvettvangur allra tegunda leiðsagnar og gætir sérhagsmuna leiðsögufólks eftir þörfum.

Við sameiningu Leiðsagnar og VR öðlast félagsfólk Leiðsagnar sem þegar voru félagar aðild að deildinni. Félagsfólk getur viðhaldið aðild með því að greiða lágmarksfélagsgjald, skv. lögum og reglum VR.

4. gr. Stjórn

Hlutverk stjórnar er að vinna að tilgangi deildarinnar eins og greint er frá í 2. grein.

Stjórn deildarinnar skipa sjö aðilar og fjórir til vara sem kosnir skulu á aðalfundi deildarinnar. Æskilegt er að í stjórninni sitji fólk sem byggir afkomu sína á leiðsögustörfum og hafi að baki menntun og reynslu af slíkum störfum. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi deildarinnar. Tveir stjórnarmenn eru tilnefndir sem fulltrúar sinna hópa: Félag ökuleiðsögumanna tilnefnir einn og Félag fjallaleiðsögumanna tilnefnir einn. Kjörgengi hefur fullgilt félagsfólk í VR samkvæmt 3. grein. Framboð til formanns og stjórnar þurfa að berast til stjórnar deildarinnar a.m.k. sjö dögum fyrir aðalfund.

Kjörtímabil stjórnarfólks er tvö ár. Það ár sem formaður er kosinn skal kjósa tvo stjórnarmenn. Hitt árið skal tilnefna tvo stjórnarmenn og kjósa tvo stjórnarmenn. Varamenn skal kjósa til tveggja ára.

Stjórn kýs sér varaformann og ritara sem skal sjá um að færa fundargerðir. Formaður kallar saman stjórnarfund, er tengiliður við stjórn og skrifstofu VR. Stjórn fer með málefni deildarinnar, boðar til félagsfunda og aðalfundar.

5. gr. Nefndir

Stjórn er heimilt að skipa nefndir til þess að sinna sérstökum málefnum fyrir deildina. Ef skipuð er nefnd þarf hún að hafa fast ákveðinn tilgang og markmið.

6. gr. Aðalfundur og félagsfundir

Boðun aðalfundar:

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok október ár hvert. Aðalfundur, ásamt dagskrá, skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingum í vefmiðlum VR og fréttamiðlum eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsfólks. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Breytingar á starfsreglum, ef fyrir liggja
3. Kjör stjórnar skv. 4.gr.

4. Kjör í nefndir skv. 5. gr.

5. Fjárhagsáætlun um félagslegt starf deildarinnar lögð fram

6. Önnur mál

Boðun félagsfunda:

Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn deildarinnar álitur þess þörf eða ef minnst 50 fullgildir félagar óska þess. Fundir skulu boðaðir með minnst fjögurra sólarhringa fyrirvara með auglýsingum í vefmiðlum VR og fréttamiðlum eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsfólks á svæðinu. Fundum deildarinnar skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

7. gr. Merki Leiðsagnar

Félagsfólk Deildar Leiðsagnar í VR hefur rétt til að bera merki deildarinnar við vinnu sína í samræmi við lög og reglur um notkun þess.

Merki Deildar Leiðsagnar í VR er eign deildarinnar. Hvorki er leyfilegt að endurrita félagsmerkið til annarra nota né sauma það í fatnað eða höfuðföt, án skriflegs leyfis stjórnar. Leiðsögufólk með staðfesta félagsaðild í deildinni geta sótt um leyfi til stjórnar deildarinnar til að hafa félagsmerkið í kynningargögnum sínum svo sem prentgripum (prentgögnum) og vefsíðum í kynningu á viðkomandi nafngreindum leiðsögumanni, enda sé það gert skv. reglum um notkun merkisins.

8. gr. Breytingar á reglum

Starfsreglum þessum má breyta á aðalfundi deildarinnar enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði. Tillögur að breytingum á starfsreglum þurfa að hafa borist til stjórnar deildarinnar sjö dögum fyrir aðalfund. Einnig er heimilt að breyta starfsreglunum á félagsfundi hafi breytingar á starfsreglum áður verið ræddar á félagsfundi og þeirra getið í fundarboði. Breytingar á starfsreglum koma fyrst til framkvæmda er stjórn VR hefur staðfest þær.

9. gr. Slit á deild

Deildin verður ekki lögð niður nema $\frac{3}{4}$ félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fyrsta ár stjórnar deildarinnar 2025 sitja formaður og tveir stjórnarmenn stjórnar Leiðsagnar félags leiðsögumanna sem kjörnir voru 2024 til tveggja ára. Þá eru tveir stjórnarmenn kosnir og tveir stjórnarmenn tilnefndir sbr. 4. gr. til tveggja ára. Kosnir eru fjórir varamenn til tveggja ára árið 2025. Árið 2026 er formaður og tveir stjórnarmenn kosnir til tveggja ára.